



Kjósarhreppur

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026-2029, GREINARGERÐ

SVEITARSTJÓRN KJÓSARHREPPS

SEINNI UMRÆÐA 3. DESEMBER 2026

Innihald

Inngangur	2
Forsendur	3
Skatttekjur	4
Laun og launatengd gjöld	5
Rekstrarniðurstaða	6
Málaflokkar	6
Félagsmál	7
Fræðslu- og uppeldismál	7
Menningarmál	7
Æskulýðs- og íþróttamál	8
Brunamál og almannavarnir	8
Hreinlætismál	8
Skipulags- og byggingamál	9
Umferðar- og samgöngumál	9
Umhverfismál	10
Atvinnumál	10
Sameiginlegur kostnaður	10
Fjárfestingar	10
Eignasjóður rekstur	10

Inngangur

Fjölbreytt mannlíf og menning liðinna ára mynda mikilvægan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu í Kjósarhreppi. Á undanförnum árum hefur ásókn í búsetu í dreifbýli aukist, bæði í hefðbundnum íbúðarhúsum og æ fleiri kjósa að hafa fasta búsetu í frístundahúsum.

Hér er gott að vera, landbúnaður á langa sögu í sveitarfélaginu og náttúran hefur mikið gildi fyrir þá sem hér kjósa að búa. Að auki er ferðaþjónustan að hasla sér völl sem ein af undirstöðuatvinnugreinum sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt í allri skipulagsvinnu að skilgreina hvað skiptir íbúana máli og standa vörð um það.

Nálægð við höfuðborgarsvæðið hefur gert sveitarfélagið að raunhæfum valkosti fyrir þá sem vilja búa í hæglatís umhverfi án þess að vera langt frá þjónustu og atvinnu. Á undanförnum mánuðum hefur íbúum í Kjósarhreppi fjölgað hratt. Þó að brögð hafi verið að því að eigendur frístundahúsa hafi verið hvattir til að flytja lögheimili sitt í sveitarfélagið í aðdraganda kosninga, þá virðist fjölgunin vera raunveruleg þar sem börn í leik- og grunnskóla hafa ekki verið fleiri í mjög langan tíma.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps leggur nú fram fjórðu og síðustu fjárhagsáætlunina á þessu kjörtímabili. Undanfarin þrjú ár hafa verið farsæl fyrir sveitarfélagið og margt áunnist. Rekstrinum hefur verið snúið frá tapi til ásættanlegs tekjuafgangs.

Óhætt er að segja að blikur séu á lofti í efnahagslífinu. Hvert áfallið gengið yfir á undanförunum mánuðum og illa gengur að ná vöxtum niður. Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að verðlagsvísitala á árinu 2026 verði 3.9% sem er sama spá og var fyrir árið 2025. Stýrivextir hafa verið að lækka síðastliðið ár en allt of hægt að flestra mati. Þó að rekstur Kjósarhrepps gangi vel þá eru framtíðarhorfur á landsvísu í besta falli óljósar og af því tekur fjárhagsáætlun næsta árs mið.

Fjárhagsáætlun Kjósarhrepps byggir á ábyrgri nýtingu fjármuna og skýrri stefnu um að styðja við áframhaldandi þróun samfélagsins. Hún tekur tillit til þeirra breytinga sem eiga sér stað í búsetumynstri og þeirra verkefna sem fylgja fjölbreyttum íbúahópi. Einnig er lögð áhersla á að viðhalda og efla þá innviði sem skipta íbúa mestu máli, ásamt því að vernda þau verðmæti sem einkenna sveitina. Markmiðið er að skapa stöðugt, traust og þjónustuvænt sveitarfélag sem getur tekið vel á móti íbúum nútíðar og framtíðar.

Nú þegar kjörtímabilið er að klárast er við hæfi að líta um öxl. Margt hefur áunnist og annað gengið verr. Flestir þjónustusamningar sveitarfélagsins hafa verið endurnýjaðir, má þar nefna samning um leik-, grunn- og tónlistarskóla við Reykjavíkurborg og samningar við Mosfellsbæ um barnavernd, félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.

Eitt af skemmtilegu verkefnum sem náðust í gegn á kjörtímabilinu er að núna hefur Kjósinn fengið sitt eigið pósthaf, er ekki lengur 276 Mosfellsbær, heldur 276 Kjós.

Úrgangsmál, snjómokstur og skólaakstur voru boðin út á kjörtímabilinu með mjög góðum árangri. Á síðasta ári var svo komið upp fjölskylduleiksvæði við Ásgarð og verður haldið áfram með þá uppbyggingu á árinu 2026. Einnig hófst á þessu ári vinna við að skipta um klæðningu á Félagsgarði sem var komin til ára sinna.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að byggja 300 fm hús á Möðruvöllum sem verður áhaldahús sveitarfélagsins auk þess sem hitaveitan mun hafa aðstöðu í húsinu, gert er ráð fyrir 70 m.kr. til verksins

Fjarskiptamálin hafa hins vegar ekkert gengið, þrátt fyrir að töluvert hafi verið reynt að hreyfa við því máli, þeirri vinnu þarf að halda áfram til að tryggja öryggi íbúa Kjósarinnar og annarra sem um hana fara.

Eins og áður segir gengur rekstur sveitarfélagsins vel. Kjósarhreppur mun áfram leggja á eina lægstu útsvarsprósentu landsins sem og fasteignaskatta. Álagningahlutfall fasteignaskatta er nú að lækka í þriðja sinn á kjörtímabilinu auk þess sem þjónustugjöld vegna úrgangsmála lækka.

Afsláttur til eldri borgara, lífeyrisþega og barnafjölskyldna vegna fasteignagjalda hækka eins og þeir hafa gert undanfarin ár.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu, bæði í sveitarstjórn og nefndum og einstöku samstarfsfólki hjá sveitarfélaginu fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf og þakka þeim fyrir þeirra framlag til þeirrar góðu niðurstöðu sem reksturinn sýnir. Við munum vafalaust öll gera okkar besta til að Kjósinn verði áfram góður búsetukostur.

3. desember 2025

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri

Forsendur

Lagavísanir og skilgreiningar: Fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2027–2029 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru milliviðskipti vegna innri leigu og fasteignaskatta jöfnuð út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum, þ.e. Kjósarveitur og Leiðarljós.

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Í spá Hagstofunnar sem lá fyrir við gerð fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs (verðbólga) verði 3.9% á árinu 2026. Í sömu spá gerir Hagstofan ráð fyrir að launavísitalan verði 4.2%.

Fjárhagsáætlun ársins 2026 liggur nú fyrir og sem fyrr er hún í tveimur hlutum. Annars vegar er hún í greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og eignasjóðs.

Í fjárhagsáætlun Kjósarhrepps fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki til samræmis við spá um verðlagsvísitölu frá í haust, þ.e. um 3,9%. Sömuleiðis er gert ráð fyrir að laun hækki um 4,2%. Undantekning frá þessu er gjaldskrá vegna hreinlætismála sem lækkar.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026

- Útsvarsprósenta 14.45 %, óbreytt frá síðasta ári.
- Álagningahlutfall fasteignagjalda á íbúðar- og frístundhús lækkar og verður 0,28 %.
- Álagningahlutfall á atvinnuhúsnæði er óbreytt og verður 0,85%.
- Viðmiðunarmörk afsláttar af fasteignagjöldum til eldri borgara hækka, sem leiðir til þess að fleiri eiga rétt á afslætti.
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 86.8 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 78 m.kr.
- Skuldahlutfall verði 109 % í árslok 2026.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta 134.1 m.kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A er 81.6 m.kr.
- Almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrár A hluta fyrir árið 2026 hækki um 3,9 % til þess að mæta verðlags- og launahækkunum, fyrir utan sorpgjöld þar sem gert er ráð fyrir lækkun.
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum eru 70 m.kr.
- Áætlaðar fjárfestingar hitaveitu í varanlegum rekstrarfjármunum nema nettó um 125 m.kr.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar: Sveitarfélögum er heimilt að leggja á 14,97% til útsvars.

Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk sem kom til framkvæmda í tveimur áföngum árin 2023 og 2024. Samkomulagið felur í sér 0,45% hækkun útsvarsálagningar. Tekjuskattsálagning var lækkuð um samsvarandi prósentu, þannig að hækkunin á útsvarshlutfallinu leiðir ekki til þess að heildarálgur á skattgreiðendur breytist. Hins vegar hefur þetta þau áhrif að útsvarstekjur sveitarfélagsins hafa aukist talsvert.

Kjósarhreppur er í hópi þeirra sveitarfélaga sem eru með hvað lægstu útsvarsálagningu á landinu. Gert er ráð fyrir að útsvar verði óbreytt 14.45% á árinu 2026. Áætlað er að útsvarstekjur vegna 2026 nemi um 294.6 m.kr. Áætlun útsvarstekna er byggð á útreikningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Framlög úr Jöfnunarsjóði: Kjósarhreppur fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og framlög til jöfnunar fasteignatekna. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að stærstum hluta til fyrir. Gert er ráð fyrir að fjárhæð framlaga verði 37,2 m.kr., sem er svipað og á árinu 2025.

Fasteignagjöld: Heimildir sveitarfélaga til álagningar fasteignagjalda eru eftirfarandi:

- a) **Allt að 0.5% af fasteignamati:** Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum. Með heimild til hækkunar upp í 0.625%
- b) **1.32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:** Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- c) **Allt að 1.32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:** Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu. Með heimild til hækkunar upp í 1.65%

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2026 miðast við fasteignamat eigna, sem birt var 1. júní 2025. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Kjósarhrepps verður samkvæmt eftirfarandi töflu.

Flpkkur	Hlutfall	Heiti	Upphæð
A	0,28%	Fasteignaskattur almennt	98.000.393
B	1,32%	Fasteignaskattur opinbert húsnæði	1.233.672
C	0,85%	Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	11.410.469
		Afsláttur til eldri borgara og lífeyrisþega	- 2.462.278
		Samtals.	108.182.256

Eins og sjá má hér að ofan er Kjósarhreppur langt frá því að fullnýta álagningarheimild til fasteignagjalda. Það er ánægjulegt að geta komið til móts við fasteignaeigendur á þennan hátt en geta samt sem áður veitt þá þjónustu sem ber að veita.

Afsláttur af fasteignagjöldum: Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota með lögheimilisskráningu í Kjósarhreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts. Afsláttur í fjárhagsáætlun 2026 er áætlaður um 2.5 m.kr. Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2024 sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2026.

Tekjutengdur afsláttur elli- og örorkuþega álagningarárið 2026				
Afsláttur	Einstaklingar		Tekjur samskattaðra einstaklinga	
100%		7.704.999		9.715.000
75%	7.705.000	8.115.999	9.716.000	10.250.999
50%	8.116.000	8.553.999	10.251.000	10.820.999
25%	8.554.000	9.017.999	10.821.000	11.421.999

Laun og launatengd gjöld

Þó að skráðir íbúar í sveitarfélaginu séu ekki nema 325, þá þjónustar starfsfólk sveitarfélagsins eigendur tæplega 800 fasteigna með ýmsu móti. Starfsemi skrifstofunnar eykst samhliða fjölgun íbúa og fasteigna. Sérstök áhersla hefur undanfarin misseri verið lögð á að efla starfsemi skipulags- og byggingarsviðs með góðum árangri, m.a. er nú í fyrsta skipti hægt að nálgast teikningar rafrænt á kjos.is og bið eftir afgreiðslu mála er tiltölulega stuttur ef viðeigandi gögn berast með málinu.

Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum frá 1. janúar nk. og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Í áætluninni er stuðst við spá hagstofunnar þar sem spáð 4.2% hækkun á launavísitölu. Á skrifstofu sveitarfélagsins er gert ráð fyrir 4 starfsmönnum, þ.e. hjá Kjósarveitum og sveitarfélaginu, í 4 stöðugildum. Gert er ráð fyrir að störfum skipulags- og byggingarfulltrúa verði áfram útvistað. Að auki er starfsmaður í 0.2 stöðugildi við þríf á skrifstofum og tveir starfsmenn samanlagt í 0,65 stöðugildi á Móttökustöð úrgangs og eru þeir að auki með eftirlit með grenndarstöðvum. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda verði 125.4 m.kr. á árinu 2026. Í þessari tölu er 13 m.kr. einskiptiskostnaður vegna sveitarstjórnakosninga.

Starfsheiti	Stöðugildi
Aðalbókari	1
Verkefnastjóri á skipulags- og byggingarsviði	1
Sveitarstjóri	1
Framkvæmdastjóri Kjósarveitna/Leiðarljóss	1
Samtals stöðugildi á Skrifstofu	4
Þrif á Ásgarði	0,2
Starfsmenn vegna úrgangsmála	0,65
Samtals stöðugildi önnur störf	0,85
Samtals starfsmenn hjá Kjósarhreppi	4,85

Rekstrarniðurstaða

Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2026 verði 661.5 m.kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði og afskriftir verði 512.9 m.kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 120.3 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur 33.4 m.kr., áætlað er að rekstrarniðurstaða ársins 2026, að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða verði jákvæð um 86.8 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar 1.291.9 m.kr. í árslok 2026. Eigið fé 617.1. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 642.0 m.kr. Þar af eru skuldir A-hluta 120 m.kr. Gert er ráð fyrir að eigið fé og skuldir í árslok verði 1.259.1 m.kr.

Málaflokkar

Verkefni sveitarfélaga eru alla jafna flokkuð niður í málflokka í greinargerðinni er sá háttur hafður á sem einfaldar framsetningu.



Félagsmál

Kjósarhreppur er með samning við Mosfellsbæ um barnaverndar- og félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum. Hefur samstarfið við Félagsþjónustu Mosfellsbæjar reynst í alla staði farsælt. Núverandi samningar við Mosfellsbæ gilda til ársins 2026.

Áætlaður heildarkostnaður vegna félagsmála er 37.6 m.kr., byggist áætlunin á áætluðum framreiknuðum kostnaði ársins 2025. Erfitt er að áætla þennan málaflokk með einhverri vissu þar sem hann byggir á þeirri þjónustu sem þörf er á hverju sinni.

Fræðslu- og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að til fræðslu- og uppeldismála fari 158.8 m.kr. sem er um 37% allra útgjalda í A hluta. Áfram er gert ráð fyrir að börnin í Kjósarhreppi sækja grunn-, tónlistar- og leikskóla utan sveitarfélagsins. Skólaakstur verður eins og áður og áfram verður boðið upp á akstur í félagsmiðstöðina Flógyn á Kjalarnesi.

Leikskóli: Gert er ráð fyrir 14 barngildum á leikskóla á árinu 2026. Um verulega aukningu er að ræða, í áætlun fyrir árið 2025 var gert ráð fyrir 8 barngildum. Að meðaltali er Kjósarhreppur að niðurgreiða hvert leikskólaláss um 400.000 þ.kr. á mánuði.

Grunnskóli: Börn í Kjósarhreppi stunda flest nám í Klébergsskóla á Kjalarnesi en nokkur sækja aðra skóla að eigin ósk. Mjög gott samstarf hefur verið á milli skólans á Kjalarnesi og sveitarfélagsins. Í áætlun fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir 22 nemendum á vorönn og 18 á haustönn. Nemendum hefur verið að fjölga frá því að áætlun fyrir árið 2025 var gerð. Þar sem sveitarfélagið greiðir með hverju barni getur fækkun eða fjölgun barna haft töluverð áhrif á raunverulegan kostnað málflokksins.

Börnum í Kjósarhreppi stendur til boða að sækja tónlistarskólann á Kjalarnesi. Síðastliðið haust voru fimm nemendur skráðir í skólann úr Kjósarhreppi. Að auki er gert ráð fyrir að einn nemandi stundi framhaldsnám í F.Í.H.

Kjósarhreppur styrkir framhaldsskólanema með lögheimili í Kjósinni um 70.000 kr. fyrir hverja önn til að standa straum af náms- og ferðakostnaði.

Samtals er gert ráð fyrir 158,8 m.kr. til málaflokksins.

Menningarmál

Undir þennan lið falla m.a. nefndarlaun Fjölskyldu- og menningarnefndar, bókasafn og viðburðir eins og Kátt í Kjós, jólaskemmtun og Aðventumarkaðurinn. Kjósarhreppur hefur stutt myndarlega við þessa góðu menningarviðburði og gerir það áfram. Undir þennan málflokk fellur einnig samfélagsstyrkur. Allir einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki vegna sérstakra viðburða eða verkefna í sveitarfélaginu, m.a. vegna hátíða, hreinsunarátaka, nágrannavörslu, hvatningaverðlauna o.fl. Sjá nánar inni á kjos.is-samfélagsstyrkir.

Sveitarstjórn hefur skrifað undir samkomulag um að styrkja endurgerð gömlu réttarinnar að Fossá, samkomulagið er til þriggja ára og verður veitt allt að einni milljón króna til verkefnisins árlega.

Samtals er gert ráð fyrir 4.8 m.kr. til málflokksins.

Æskulýðs- og íþróttamál

Undir þennan málaflokk fellur vinnuskólinn og styrkir til frístunda barna og unglunga. Undanfarin tvö sumur hafa Kjósarhreppur og Reykjavíkurborg haft samstarf um vinnuskólann með góðum árangri.

Áfram er lögð áhersla á að styðja við tómstundastarf barna og unglunga. Kjósarhreppur veitir foreldrum/forráðamönnum barna 3-18 ára barna sem eru með lögheimili í Kjósarhreppi, frístundastyrk vegna þátttöku barnanna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og ungmenni á aldrinum 3-18 ára í Kjósarhreppi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Gert er ráð fyrir að styrkirnir verði eftirfarandi á árinu 2026:

Styrkur kr. 80.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópin 6-18 ára.

Styrkur kr. 35.000 fyrir allt skólaárið, fyrir aldurshópin 3-5 ára.

Samtals er gert ráð fyrir 2.1 m.kr. til málflokksins.

Brunamál og almannavarnir

Kjósarhreppur er með samning við Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu, gert er ráð fyrir 3 m.kr. vegna hans. Að auki falla undir þennan málaflokk hlutdeild í almannavörnum, búnaður og leiga á húsnaði undir búnað.

Samtals er gert ráð fyrir 3.0 m.kr. til málflokksins.

Hreinlætismál

Þjónustugjöld sem sveitarfélög innheimta fyrir meðhöndlun úrgangs eiga að standa undir öllum kostnaði sveitarfélagsins við málaflokkinn. Á kjörtímabilinu hefur verið unnið að því að fullklára framkvæmd nýrra laga um meðhöndlun úrgangs með aukinni flokkun og breyttri þjónustu.

Úrgangsmál. Það má öllum vera ljóst að kostnaður vegna sorphirðu, grenndarstöðva og Gámplans er gríðarlega hár og í svo litlu sveitarfélagi fellur hann á fáa greiðendur. Vel hefur gengið að endurskipuleggja málflokkinn.

Markmiðið með endurskipulagningunni er að gera úrvinnsluna skilvirkari, bæta þjónustuna og draga úr kostnaði. Í einhverjum tilfellum hefur þjónustunni verið breytt til að draga úr kostnaði.

Í vor var svo farið í útboð á meðhöndlun úrgangs, þrjú tilboð bárust, Terra átti lægsta tilboðið í þjónustuna.

Öll þessi vinna hefur nú skilað sér í því að í fyrra þurfti ekki að koma til hækkunar og nú í fyrsta skipti er svigrúm til að lækka þjónustugjöldin. Um verulega lækkun er að ræða til þeirra sem greiða fyrir grenndarstöðvar (frístundahús) en aðrir þjónustuliðir lækka óverulega.

Áfram verður róið að því öllum árum að leita leiða til að draga úr kostnaði.

Áætlað er að kostnaður við úrgangsmál verði 52 m.kr., gert er ráð fyrir að þjónustugjöld standi að mestu undir þeim kostnaði.

Rotþróargjöld. Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar á rotþrómi í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. 6. gr. samþykktar nr. 1254/2025 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi. Sú breyting hefur verið gerð að nú eru þrír gjaldflokkar en var áður einn sem er til samræmis við þann kostnað sem sveitarfélagið leggur út fyrir.

0-6000 lítrar, 15.000 kr.

6001 lítrar og stærri, 2.500 kr. pr/m³

Lífræn hreinsistöð/Demantur 23.500 kr.

Óski fasteignaeigendur eftir aukahreinsun, greiðir viðkomandi samkvæmt gjaldskrá Hreinsitækni. Ef fara þarf sérstaka ferð í aukahreinsun leggst akstur ofan á gjaldið. Unnið hefur verið að endurskipulagningu hreinsana í samstarfi við þjónustuaðilann til að draga úr sívaxandi kostnaði.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við hreinsun á rotþrómi verði 11.4 m.kr., áætlað er að þjónustugjöld standi undir þeim kostnaði.

Skipulags- og byggingamál

Aukinn þungi hefur verið að færast á þennan málaflokk samhliða vaxandi uppbyggingu í sveitarfélaginu. Unnið hefur verið að því að styrkja skipulags- og byggingarsvið til að geta veitt sem besta þjónustu.

Mjög illa hefur gengið hjá minni sveitarfélögum að ráða til sín skipulags- og byggingarfulltrúa. Á síðasta ári var farin sú leið að útvísta þjónustu skipulagsfulltrúa sem hefur gengið mjög vel. Í ljósi þessarar reynslu var ákveðið að útvísta sömuleiðis störfum byggingarfulltrúa Kjósarhrepps, sem hefur gengið vonum framár. Lykilatriði í þessu fyrirkomulagi er að á skrifstofu Kjósarhrepps starfar verkefnastjóri sviðsins sem sér um flest samskipti við þjónustubeiðendur og úthlutar verkefnum. Þetta hefur orðið til þess að biðtími eftir úrlausn hefur styst verulega og einnig hefur tekist að ná til ótal van- og óskráðra bygginga í sveitarfélaginu með góðum árangri. Það er allra hagur að byggingar séu rétt skráðar því óskráðar byggingar eru ekki með brunabótamat og því ekki brunatryggðar.

Á árinu hefur vinna við endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps staðið yfir og gengið vel, stefnt er að því að verkinu ljúki í byrjun árs 2026.

Samtals er gert ráð fyrir 36.7 m.kr. til málaflokksins.

Umferðar- og samgöngumál

Undir þennan málaflokk falla göngu- og hjólastígar, umhverfismerkingar, viðhald gatna, snjómokstur og hálkuvarnir. Snjómokstur var boðinn út í byrjun árs 2025, í útboðinu er gert ráð fyrir meiri þjónustu en áður sem er í takt við þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið í Kjösinni. Nú eru fleiri sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið og þurfa að komast að heiman í morgunsárið. Aukinni þjónustu fylgir óhjákvæmilega aukinn kostnaður. Það er alltaf erfitt að áætla þennan lið af einhverri vissu þar sem veðurfar spilar stórt hlutverk.

Undir þennan málaflokk falla líka styrkir sem veittir eru til frístundahúsafélaga til vetrarþjónustu. Sömuleiðis er undir þessum málaflokk áætlað fyrir gerð göngustíga og merkinga.

Samtals er gert ráð fyrir 18,9 m.kr. til málaflokksins.

Umhverfismál

Undir þennan málflokk falla minka- og refaveiðar ásamt fegrun umhverfisins í Kjós. Í áætluninni er gert ráð fyrir að farið verði í umhverfisátak næsta vor eins og undanfarin ár.

Samtals er gert ráð fyrir 3.2 m.kr. til málaflokksins.

Atvinnumál

Undir þennan málflokk falla landbúnaður og vatnsból. Að stærstum hluta er kostnaður þessa málflokks vegna viðhalds girðinga.

Samtals er gert ráð fyrir 3 m.kr. til málaflokksins.

Sameiginlegur kostnaður

Skrifstofa Kjósarhrepps er miðstöð sveitarfélagsins og leysir af hendi þau verkefni sem falla undir fjármál, þjónustu og þróun í sveitarfélaginu. Meðal annars kostnaðar og verkefna sem falla undir þennan málflokk eru laun sveitarstjóra, aðalbókara, og sveitarstjórnar, samstarf sveitarfélaga, þjónusta við íbúa og aðra, endurskoðun, álagning fasteignagjalda, áætlanagerð, innheimta, ársreikningagerð, flestir þjónustusamningar, leyfamál og skjalavistun ásamt ýmsu öðru.

Samtals er gert ráð fyrir 81.1 m.kr. til málaflokksins.

Fjárfestingar

Í A-hluta er gert ráð fyrir að byggt verði 340 fm skemma á Möðruvöllum. Húsið mun þjóna tvennum tilgangi, annars vegar verður það áhaldahús sveitarfélagsins og hins vegar mun hitaveitan leigja hluta hússins fyrir sína starfsemi. Áætlað er að húsið muni kosta 70 m.kr. í byggingu. Í B-hluta eru fjárfestingar hitaveitunnar, gert er ráð fyrir að fjárfestingar hitaveitunnar verði 55 m.kr. þær fjárfestingar tengjast nýrri holu sem var boruð á síðasta ári.

Samtals er gert ráð fyrir 125 m.kr. í fjárfestingar.

Eignasjóður rekstur

Ásgarður: Í Ásgarði er aðsetur stjórnsýslunnar í Kjósarhreppi. Auk þess hafa verið leigð út skrifstofurými og íbúð á annarri hæð. Markvisst hefur verið unnið að endurbótum og endurskipulagningu hússins svo það megi nýtast sem best fyrir íbúa og starfsemi sveitarfélagsins.

Félagsgarður: Félagshæimilið Félagsgarður er leigt út til þriðja aðila. Samningur við rekstraraðilann er laus haustið 2026, gert er ráð fyrir að auglýsa reksturinn upp úr áramótum. Á árinu 2025 var skipt um klæðningu á framhlið hússins. Stefnt er að því að skipta um alla klæðningu á áhúsinu á næstu árum, sem er farin að láta á sjá.

Aðrar eignir í eignasjóði eru Möðruvellir land, móttökuhús á gámaplani, Möðruvallarétt, Ásgarðslandið og Birkihlíð/lóð.

Samtals er gert er ráð fyrir 12.7 m.kr. til Eignasjóðs.

